

2. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll.

(Lagt fyrir Alþingi 1938.)

1. gr.

Lög nr. 47 15. júní 1936, um verðtoll af nokkrum vörum, lög nr. 5 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, með þeim breytingum, sem leiðir af lögum nr. 11 2. júní 1933 um bráðabirgðaverðtoll, lögum nr. 132 31. des. 1935 og lögum nr. 6 6. jan. 1938, um breyting á þeim lögum, svo og lög nr. 11 2. júní 1933, lög nr. 132 31. des. 1935 og lög nr. 6 6. jan. 1938, skulu gilda til ársloka 1939.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemá við lagafrumvarp þetta:

Í þessu frumvarpi er lagt til að framlengja til ársloka 1939 öll gildandi lagaákvæði um verðtoll. Verður alls ekki séð að hjá slíkri framlengingu sé hægt að komast.